

Fjórði fundur haldinn á Breiðabliki fimmtudaginn 16. apríl 2015 kl. 21:00

Mættir: Eggert Kjartansson, Atli Sveinn Svansson, Katrín Gísladóttir, Halldór Jónsson og Gísli Guðmundsson. Konráð Konráðsson mætti einnig og fór yfir reikningana í fyrsta lið.

Katrín ritar fundargerð.

Oddviti setur fund og býður fundarmenn velkomna.

Oddviti leitar frávika frá dagskrá, leggur til að bréf dagsett 22. mars frá Gísla Guðmundssyni og Jófríði Kristbjörgu Gísladóttur verði tekið á dagskrá. **Samþykkt.**

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Ársreikningar Eyja- og Miklaholtshrepps vegna 2014 fyrri umræða. **Samþykktur til seinni umræðu.**
2. Útistandandi kröfur. **Oddviti leggur til að fundi verði lokað og var það samþykkt. Bókað í trúnaðarbók. Konráð fer af fundi.**
3. Bréf dagsett 22. mars frá Gísla Guðmundssyni og Jófríði Kristbjörgu Gísladóttur. **Fært í trúnaðarbók. Gísli vísar af fundi. Gísli tekur sæti á ný og fundurinn er opnaður.**
4. Erindi dagsett 13. apríl og varðar lóðahlutamat og fasteignagjöld frá Þórð Runólfssyni og Áslaugu Sigvaldadóttur Syðra Lágafelli 2. **Sveitarfélagið leggur á eftir mati frá FMR- Þjóðskrá en hreppurinn hefur ekki og hefur aldrei getað haft áhrif á það mat. Til þess að hægt sé að endurreikna gjöldin af þessari lóð þarf að koma úrskurður frá FMR – Þjóðskrá inn í kerfið þar sem matið er leiðrétt. Hreppurinn samþykkir að leiðrétta gjöldin aftur í tímann, til 2012, ef gengið er frá þessu á þessu ári.**
5. Drög að lagnaleið rafmagnsstreng frá spennistöð að Rauðkollstöðum. **Hreppurinn leggur áherslu á að sótt verði um tilskilin leyfi í tíma fyrir framkvæmd.**
6. Borholuhús við Lynghaga og lóð hreppsins. **Ljóst er að borholuhúsið fór út fyrir lóðarmörk. Nauðsynlegt er þegar framkvæmt er að framkvæmdaaðilar gái að sér og fari ekki yfir á aðrar lóðir í leyfisleysi. Ekki er hins vegar fyrirhuguð nein nýting af hálfu hreppsins á svæðinu og því gerir hreppsnefnd ekki frekari athugasemdir við að húsið standi aðeins út fyrir lóðina.**
7. Drög að gjaldskrá vegna útleigu á Laugargerðisskóla fyrir utan samning við Klár ehf. **Samþykkt.**
8. Styrkumsóknir Eyja og Miklaholtshrepps vegna vegabóta. **Farið yfir styrkumsóknir.**
9. Tilkynning frá Guttormi vegna starfsloka.
10. Íbúaskrá 1. desember 2014 lögð fram. **147 íbúar skráðir, þar af erlendir ríkisborgarar 44.**
11. Fundarboð á ársfund Brákarhlíðar mánudaginn 27. Apríl.
12. Verkefnið betri plön og ljósastaurar í sveitinni. **Samþykkt að báðum þessum verkefnum ljúki á árinu. Það verði kynnt íbúum. Farið eftir samþykktum reglum sveitarfélagsins um þessi verkefni.**
13. Internetmál í sveitinni. **Farið var í úrbætur á interneti Hringiðunnar í vetur bæði á Öxl og vitanum. Ljóst er að hægt er að halda áfram að uppfæra það net svo viðunandi sé. Á næstunni mun verða settur upp 3 G sendir í Gröf. Hafa þessi atriði veruleg áhrif á gæði**

internets á svæðinu og því ber að fagna. Áfram verður unnið að því að ljósleiðaravæða sunnanvert Snæfellsnes og telur hreppsnefnd mikilvægt að farið verði svokölluð leið 2 í tillögum að ljósleiðaravæðingu Íslands sem er í skoðun í Innanríkisráðuneytinu.

14. Ákveðið að hafa næsta hreppsnefndarfund 7. maí

Til kynningar:

15. Samþykktir Brákarhlíðar
16. Fundargerð.aðalfundar Sorpurðunar.25.mars. 2015
17. Fundargerð 115 stjórnar SSV
18. fundargerð_827 stjórnar sambands íslenskra sveitarfélaga
19. Vesturlandsstofa-ársreikningur-2014
20. Vaxtarsamningur Vesturlands ársreikningur 2014-Final-9.3.2015
21. SSV ársreikningur 2014-Final-9.3.2015
22. Menningarráð Vesturlands ársreikningur 2014-Final-9.3.2015
23. Endurskoðunarskýrsla-SSV-2014-Final-11 3 2015
24. Ársreikningur ÞRMF 2014

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Katrín Gísladóttir (sign)

Halldór Jónsson (sign)

Gísli Guðmundsson (sign)

Atli Sveinn Svansson (sign)

Eggert Kjartansson (sign)